




Hallsteinn. Þessa andlitsmynd hefur Páll höggvið í rauðleitan stein og hún er af vini hans, Hallsteini Sveinssyni í Borgarnesi.



Maður með húfu. Rákirnar eftir meitilinn minna oft á pensilför.



Brjóstmynd af manni.

hjá systur sinni, sem býr í Köln, en hefur sótt um listaskóla í Düsseldorf og á að skila í vor möppu með myndum, sem ekki mega vera minni en fermetri á stærð.

Ég spurði Pál, hvort hann ætlaði sér að sækja áhrif til „Hinna nýju villtu" eins og Þjóðverjar nefna nýbylgjumálarana, sem eru sporgöngumenn gömlu, þýzku expressjónistanna. Páll kvað litlar líkur á því; sagðist ekki hafa heillast eða orðið fyrir áhrifum af þessu nýja málverki, þótt jafnaldrarnir væru á kafi í því.

„Ég mála eftir sýnilegum fyrirmyndum," sagði Páll, „ekki fantasíur, líklega er ég ekki skáld. Mér þykir skemmtilegast að mála fólk. Það eru svo miklar heimildir í því, nokkrir þeirra, sem ég hef málað eru ekki lengur ofar moldu. Ég mála líka eftir landslagi, eða sem sagt: Það sem ég sé."

„En þú yrkir ekki eins og Páll afi þinn?" spurði ég.

„Nei, ekki er ég enn byrjaður á því. Ég er ekki heldur eins mikill gleðimaður og afi, hef aldrei smakkað vín og ekki heldur reykt. Mínar yrkingar eru í stein, eða á myndflöt."

„Ferðu utan með það í huga að setjast ef til vill að í Þýzkalandi, ef þér líkar vel?"

„Ég held að lítil hætta sé á því, að mér detti það í hug. Ég geri þetta umfram allt til að komst í annað umhverfi í svipinn. En hugurinn er og verður uppi í Borgarfirði, á Húsafelli og líklegast er, að ég haldi áfram að búa þar."

GÍSLI SIGURÐSSON

Jacqueline er 16 mánaða. Móðir hennar var frjóvguð með sæði ónefnds Nóbelsverðlaunahafa. Jacqueline hefur notið sérstakrar þjálfunar og kennslu frá fæðingu og er nú á andlegu þroskastigi þriggja ára barns.



Ungbörn á skólabekk

Í Bandaríkjunum eru nú margir foreldrar teknir til við það í fullri alvöru að þjálfa börn sín til að gera hluti, sem menn höfðu aldrei látið sér detta í hug áður.

Með aðferðum nútíma þroskasálfræði hafa menn komizt að þeirri niðurstöðu, að ungbörn séu miklu meiri gáfum gædd en sérfræðingar hafa hingað til talið.

Það hefur meira að segja verið stofnuð hreyfing í Bandaríkjunum í því skyni að þjálfa ungbörn til að verða undrabörn. Það er stofnun, sem ber heitið „Better Baby Institute", sem ræður mestu um stefnuna í þessum kennslumálum.

Nú er farið að kenna ungbörnum að leysa flókin verkefni allt frá fæðingu. Með bjölluhringingu er hægt að kenna nýfæddu barni að snúa höfðinu í ákveðna átt, sex mánaða gömlum er þeim kennt að kveikja og slökkva ljós, meðan þau eru enn í rúminu, og einstaka börnum hefur verið kennt að snúa höfðinu tvisvar til vinstri og þrisvar til hægri, áður en ljósið er slökkt. Þetta merki sýnir, að hálfs árs gömul börn geti lært að telja upp að fimm, og að ungbörn séu fær um að kanna umheiminn ótrúlega fljótt.

Önnur þjálfunaraðferð sýnir, að það vekur ótta hjá ungbörnum, ef eitthvað óvænt skeður. Sé barni sýnd skeið til dæmis, hún svo látin hverfa á bak við klút, en gaffall látinn birtast hinum megin, þá munu viðbrögð þess í mörgum tilvikum verða grátur og ótti vegna hins óvænta.

Það er sérstaklega sá metnaður foreldranna að koma börnunum á sínum tíma í bestu háskólana, sem fær þá til að leggja á sig og börnin jafn tímafreka og ítarlega þjálfun og hér er um að ræða. Árangurinn er sá meðal annars, að mörg börn hafa lært flókin spil og geta borið fram erfið latnesk orð þegar á þriðja ári.

En þessi kennsluaðferð er umdeild í Bandaríkjunum. Því fer fjarri, að allir vilji, að börn þeirra verði undrabörn og sum undrabörnin hafa einnig sjálf farið í „verkfall". Eftir nokkurn tíma neita þau að læra meira.

Þjóðminjar

HORNÍSTÖÐ

Líttu á hvernig lukkan hröð
laglega fer að stíma,
hugsaðu maður að hornístöð
hafir þú einhvern tíma.

Þessi vísa er eignuð sr. Hallgrími Péturssyni og segir sagan, að hann hafi riðið til alþingis við hornístöð, af því að það væri mýkra fyrir fæturna. Einhver gerði skop að hornístöðunum og svaraði þá Hallgrímur með þessari vísu, sem átti að hafa orðið að áhrínsorðum.

Þessi saga á að sýna, að óvirðulegt fátæktareinkenni hafi verið að ríða við hornístöð. Vel má vera, að menn hafi þurft að grípa til þess að telgja til ístöð úr hornum þegar járnskortur var og járnið varð að nota í eggjárn og saum öðru fremur. En hornístöð voru lengi notuð við þófana, sem fátæklingar urðu að notast við í stað vandaðri reiðvera.

Austur í Skaftafellssýslu virðast menn hafa notað hornístöð lengur en annars staðar, því að þaðan hafa komið á söfnin hornístöð fremur en úr öðrum landshlutum. Ístöðin sem hér birtast myndir af, eru frá Reynivöllum í Suðursveit. Þau eru gerð úr sveigðu hrútshorni, sólinn úr tré, en ofan á ístöðin er skorið hnútaskraut og bandfléttur. Einföld smíð í sjálfu sér en þó fallegt sýnishorn þess, sem menn gerðu úr heimafengnu efni, meðan forðazt var að kaupa annað en brýnustu nauðsynjar og heimilin reyndu að vera sjálfum sér næg um flest. Þá höfðu menn í hávegum orðatiltæki eins og „hollur er heimafenginn baggi" og „betra er hjá sjálfum sér að taka en bróður að biðja".

ÞÓR MAGNÚSSON.

